

# Samþykkt fyrir eigna- skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar

## *Umboð*

### 1. gr.

Eigna- umhverfis- og skipulagsnefnd Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

## *Verksvið*

### 2. gr.

Nefndin skal móta stefnu bæjarins varðandi mannvirki og umsjón þeirra, náttúruvernd og umhverfismál, þ.m.t. meðferð úrgangs, skipulags- og byggingarmál og samgöngu- og umferðaröryggismál. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

## *Verkefni*

### 3. gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd fer með eftirtalin verkefni:

- **Eignaumsýslu Fjarðabyggðar**
  - Tillögugerð til bæjarráðs um gæðakröfur við byggingu fasteigna og viðhald þeirra.
  - Tillögur til bæjarráðs að forgangsröðun viðhalds og nýframkvæmda að höfðu samráði við forsvarsmenn málaflokka og notendur húsnæðis bæjarins.
  - Vörslu fasteigna bæjarins og rekstur félagslegs húsnæðis í eigu sveitarfélagsins.
  - Umsjón með nýbyggingarverkefnum og hönnunar- og byggingarstjórn.
- **Veitur Fjarðabyggðar**
  - Stjórn Fráveitu Fjarðabyggðar á grundvelli laga nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, ákvæða vatnalaga nr. 15/1923 um holræsamál og ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stefnumótun og umfjöllun um rekstur og nýframkvæmdir fráveitu Fjarðabyggðar. Umsjón með fráveitureglugerð Fjarðabyggðar og framkvæmd hennar.
  - Stjórn Hitaveitu Fjarðabyggðar í samræmi við reglugerð þar um.
  - Stjórn Rafveitu Reyðarfjarðar í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 og reglugerð um rafveitu Reyðarfjarðar nr. 15/1949.
  - Stjórn Vatnsveitu Fjarðabyggðar í samræmi við. lög nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.
- **Þjónustu- og tækjamiðstöð**
  - Ábyrgð á að skilgreina þjónustu sem látin er í té á þjónustu- og tækjamiðstöð.
  - Eftirlit með þjónustu og rekstri þjónustumiðstöðvar Fjarðabyggðar.

- **Umferðar- og umferðaröryggismál**
  - Stefnumótun í umferðaröryggismálum og aðgerðir til að auka umferðaröryggi.
  - Umsjón með götumerkingum.
  - Ábyrgð á umferðarreglugerð fyrir Fjarðabyggð og tillögum til breytinga á henni.
  - Tillögugerð til lögreglustjóra varðandi varanleg sérákvæði um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingu stjórnvalda ríkisins, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
  
- **Skipulags- og byggingarmál**
  - Verkefni skipulags- og byggingarnefndar, sbr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
  - Skipulagstillögur og skipulagsskilmála og tillögugerð til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.
  - Umsóknir um byggingarleyfi og tillögugerð til bæjarráðs um afgreiðslu byggingarleyfismála sem ekki sæta fullnaðarákvörðun nefndarinnar eða byggingarfulltrúa.
  - Tillögugerð til bæjarráðs um staðbundnar byggingarsamþykktir skv. 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga.
  - Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum skv. 30. gr. sömu laga.
  - Staðsetningu listaverka á almannafæri í bæjarlandinu.
  - Umsagnir um húsafriðun til atvinnu- og menningarnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsafriðun nr. 104/2001. Nefndin getur að eigin frumkvæði gert tillögur til atvinnu- og menningarnefndar um slík mál.
  
- **Náttúruverndar- og umhverfismál**
  - Verkefni náttúruverndarnefndar skv. 11. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu.
  - Stefnumótun í umhverfismálum og ábyrgð á gerð umhverfisáætlunar.
  - Fyrirsvar varðandi fólkvanga sem bærinn á aðild að enda sé það ekki falið öðrum aðilum.
  - Fegrun bæjarins og aðgerðir til að bæta umgengni með áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga.
  - Umhirðu á lóðum í eigu sveitarfélagsins og á opnum svæðum bæjarins.
  - Eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á götum, gangstéttum, útvistar- og grænum svæðum í bænum, sem og á öðru landi bæjarins.
  - Stefnumótun í úrgangsmálum, þ.m.t. sorphirðu, og framkvæmd á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
  - Ábyrgð á samningum um úrgangsmál, þ.m.t. söfnun, flutningi og förgun og tillögugerð til bæjarráðs um gjaldskrár varðandi meðhöndlun úrgangs.
  - Dýravernd, þ.m.t. útgáfu leyfa og eftirlit með hunda- og kattahaldi

Í umboði eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar fer landbúnaðarnefnd með ábyrgð á eftirfarandi verkefnum:

- Umsjón og eftirliti með fjallskilum, afréttarmálum og búfjáreftiliti skv. lögum um búfjárhald nr. 103/2002.
- Ábyrgð á samþykkt um búfjárhald.
- Umsjón með refa- og minkaveiðum.

#### *Laga- og reglurammi*

##### 4. gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnukorti bæjarstjórnar
- Starfsmannastefnu
- Jafnréttisstefnu
- Innkaupareglum
- Leikreglum með fjárhagsáætlun.

#### *Skipan*

##### 5. gr.

Nefndin er skipuð 5 fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Í fundaráætlun nefndarinnar skal gert ráð fyrir að fulltrúar íbúasamtaka sitji nefndarfundi a.m.k. tvisvar á ári þegar rætt er um framkvæmdir og skipulag og einnig sitji fulltrúar hverfaráða þá fundi sem haldnir eru einu sinni á ári í viðkomandi byggðarkjörnum.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils nefndarinnar. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir nefndina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

#### *Verkstjórn og verkaskipting*

##### 6. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri eigna- og umhverfissviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á verksviði hennar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

#### *Boðun funda og fundarsköp*

##### 7. gr.

Nefndin heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á. Sviðsstjóri eða starfsmaður sem hann tilnefnir skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

##### 8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent til bæjarráðs að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð sviðsstjóra.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með íbúasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum, eftir því sem við á. Fundir í einstökum þéttbýliskjörnum skulu ákveðnar í fundaáætlun.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

#### *Samráð*

##### 9. gr.

Nefndin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa og samtök þeirra, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum nefndarinnar. Auk lögbundins samráðs skal nefndin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

#### *Fjármál*

##### 10. gr.

Nefndin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun nefndarinnar. Nefndin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður nefndar og sviðsstjóri kynna bæjarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

#### *Ráðningar*

##### 11. gr.

Bæjarráð ræður sviðsstjóra að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

*Fullnaðarafgreiðsla mála*

12. gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Óverulegar breytingar á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags.
- Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingar á landamerkjum, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Eigna- skipulags- og umhverfisnefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

*Málsmeðferð*

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal viðkomandi leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

*Gildistaka*

14. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 7.september 2010.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 22.júlí 2010

Helga Jónsdóttir  
bæjarstýra